



## Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	06. janúar 2024	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	<a href="mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is">dagbjartur@ferdamalastofa.is</a>	Sími:	659 9099

Föstudaginn 05. janúar gaf veðurstofan út nýtt hættumat fyrir svæðið í kringum Grindavík og Svatsengi.

### Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands

#### Uppfært 05. janúar kl 17:30

Nýtt hættumat hefur verið gefið út af Veðurstofu Íslands. Kortið endurspeglar hættur á Grindavík – Svartsengi svæðinu eins og þær eru metnar þann 5. janúar 2024. Hættumatið byggir á nýjustu gögnum, þar á meðal jarðskjálfta og aflögunargögnum, auk líkanreikninga. Einnig eru metnar líkur á eldgosavá í öllum sex svæðunum sem skilgreind eru á hættumatskortinu.

Aðalbreytingin er á Svartsengi svæðinu (svæði 1), þar sem nú er talin vera „nokkur hætta“, en það er lækkun frá síðustu útgáfu kortsins. Ástæðan fyrir þessari breytingu er að hætta vegna myndunnar á stórum sprungum á yfirborði er talinn minni þar sem engar nýjar slíkar sprungur hafa myndast að undanfögnu. Auk þess sem samtúlkun vísindafólks á vöktunargögnum á samráðsfundi Veðurstofunnar, bendir til þess að Sundhnúksgröðin, milli Stóra-Skógfells og Hagafells, sé lang líklegasta upptakasvæði eldgoss.

Það er mikilvægt að árétta að síðasta gos hófst með mjög skömmum fyrirvara. Veðurstofan heldur áfram að vakta svæðið gaumgæfilega allan sólarhringinn og er í beinu sambandi við almannavarnir um stöðu mála.

#### Uppfært 5. janúar kl. 13:30

Enn mælist landris við Svartsengi með svipuðum hraða og undanfarna daga. Þetta var staðfest með GPS gögnum sem voru til umræðu á samráðsfundi vísindafólks á vegum Veðurstofu Íslands í morgun. Eins og greint hefur verið frá þá er þetta vísbending um að kvikuþrýstingur sé að byggjast upp og þar með aukast líkur á nýju kvikhlaupi og einnig eldgosi. Ekki er þó útilokað að þetta sé vísbending um að það dragi úr kvikuinnflæði. Tæplega 490 skjálftar áttu sér stað við kvikuganginn frá því á þriðjudaginn 2. janúar. Þar af eru 14 yfir M 1,0 að stærð, sá stærsti var 1,8 að stærð norður af Hagafelli. Miðvikudaginn 3. janúar varð skjálfti 4,3 að stærð og 3,5 að stærð nærri Trölladyngju, fjölmargir eftirskjálftar fylgdu og hafa um 900 skjálftar mælst á svæðinu. Jarðskjálftarnir við Trölladyngju 3. janúar síðastliðinn urðu á þekktri jarðskjálftasprungu þar sem stærri skjálftar hafa orðið nokkrum sinnum áður. Engin merki eru um að þeir tengist kvikuhreyfingum beint. En, þær miklu landbreytingar sem hafa orðið á Reykjanesi í tengslum við kvikugangana í Fagradalsfjalli, landrisi við



Svartsengi, kvikuganginn við Sundhnúk 10. nóvember og eldgosið 18. desember hafa mælst á öllu vestanverðu Reykjanesinu og hafa áhrif á skjálftavirkni á svæðinu öllu. Það er áfram mat vísindamanna að ef til eldgoss kemur, er líklegast er að það gjósi aftur á Sundhnúksgígaröðinni, á milli Stóra-Skógfells og Hagafells. Það er hins vegar mikilvægt að rifja upp að kvikuhlaup enda ekki alltaf í eldgosi, eins og dæmi eru um í tengslum við virknina við Fagradalsfjall og eins í Kröflueldum.

## Frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum

### Uppfært 05. Janúar kl 19:00

Íbúum Grindavíkur er áfram heimilt að fara og dvelja heima hjá sér þar til breytingar á hættumatskortu gefa tilefnis til annars, sem gæti gerst með skömmum fyrirvara. Þó telur lögreglustjóri varhugavert að dvelja í Grindavík við þessar aðstæður. Þá er Bláa Lóninu og Northern Light inn heimilt að hefja starfsemi á ný í samræmi við öryggiskröfur fyrirtækjanna og í samræmi við kröfur almannavarna um öryggi.

Hættumatskort Veðurstofu gildir til 12. janúar 2024 að öllu óbreyttu.

### Sérstaklega er ítrekað að;

Eldgos getur hafist í nágrenni Grindavíkur og fyrirtækja á svæði 1 með litlum fyrirvara. Erfitt getur reynst að tryggja öryggi þeirra sem dvelja eða gista inni á hættusvæðum. Þeir sem fara inn á merkt hættusvæði gera það á eigin ábyrgð.

Björgunarsveitir sinna útköllum með venjubundnum hætti. Kallið eftir aðstoð með því að hringja í 112.

Hefjist gos verða send út sms skilaboð á gsm síma inn á svæðin með þessum texta: RÝMING RÝMING! Yfirgefið svæðið hratt og örugglega, hringið í 112 ef ykkur vantar aðstoð. RÝMING RÝMING ..... EVACUATE! Leave the area quickly and safely, call 112 if you need help.

Lögregla sinnir eftirliti í og við Grindavík eins og verið hefur allan sólarhringinn.

Liðsmenn björgunarsveitarinnar í Grindavík eru dreifðir um landið og ekki til staðar í Grindavík.

**Mögulegar flóttaleiðir:** Nesvegur, Suðurstrandarvegur, Grindavíkurvegur.

## Frá Ferðamálastofu

### Uppfært 06. janúar

Fjölmiðlasetrinu hefur verið að lokað að fullu. Húsnæði og húsgögn sem tekið var á leigu fyrir hefur verið skilað til eigenda. Komi til þess að opna eigi fjölmiðlasetur aftur þá er það hægt með stuttum fyrirvara. Ferðamálastofa heldur áfram að vakta netfangið [press@itb.is](mailto:press@itb.is) sem hefur verið notað sem aðal tenging fyrir erlenda fjölmöla.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í [dagbjartur@ferdamalastofa.is](mailto:dagbjartur@ferdamalastofa.is) eða 6599099

